

EFTIRLITSSKÝRSLA

MÓTTAKA SPILLIEFNA, EFNAMÓTTAKAN HF.

Dagsetning	03.11.2011	Fulltrúi HER	Ólöf Vilbergsdóttir
Fyrirtæki	Efnamóttakan hf.	Starfsleyfi, gildir til	01.02.2016
Heimilisfang	Gufunesi, 112 Reykjavík	Tegund eftirlits	Mengunarvarnaeftirlit
Kennitala	691298-2729	Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson
Isat nr.	51.57.02 Móttaka spilliefna	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Móttaka spilliefna		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Staðfest voru fjögur frávik frá starfsleyfi og ein athugasemd gerð.

Frávik frá starfsleyfi varðaði frárennslisvatn sem stóðst ekki kröfur um hámarksefnainnihald fyrir blý og uppsöfnun á leysiefnum sem hefur átt sér stað á athafnasvæðinu. Einnig það að rekstraraðili hefur ekki boðað til samráðsfundar innan tímamarka í starfsleyfi og ekki er til skrifleg neyðaráætlun.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á eftirfarandi:

- Að rekstraraðili taki sýni, skv. ákvæði 3.2, af frárennslisvatni fjórum sinnum á næstu 12 mánuðum m.t.t. blýs þar sem blý mældist meira en 90% yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í ákvæði 2.5.
- Að rekstraraðili tryggji jafna vinnslu á leysiefnum og takmarki birgðir á athafnasvæði.
- Að rekstraraðili boði til samráðsfundar fyrir 1. febrúar 2012.
- Að rekstraraðili útbúi skriflega neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Efnamóttökunnar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvar.

Athugasemd var gerð við að í eftirliti var ekki hægt að skoða staðfestingu á tæmingu og hreinsun á söfnunarþró. Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir staðfestingu sem barst svo daginn eftir að eftirlit átti sér stað. Einnig var vakin athygli á árlegum eftirlitsmælingum í frárennslisvatni skv. ákvæði 3.2 í starfsleyfi og ársyfirliti skv. ákvæði 3.1.

UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðisfulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fór yfir ákvæði starfsleyfis og skoðaði aðstöðu og athafnasvæði fyrirtækisins ásamt fulltrúa fyrirtækis.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Niðurstöður mælinga úr sýni sem tekið var af frárennslisvatni í desember 2010 sýna að frárennslisvatn stenst ekki kröfur um hámarksefnainnihald fyrir blý.

Fráviki frá: Ákvæði 2.5 í starfsleyfi þar sem hámarksefnainnihald blýs er 0,1 mg/l. Rekstraraðili hefur óskað eftir að Umhverfisstofnun endurskoði mörk fyrir blý í frárennslu.

Frávik 2:

Mikil uppsöfnun leysiefna hefur átt sér stað á athafnasvæðinu. Móttökuaðili hefur ekki geta tekið við efni vegna rekstrarstöðvunar en leitað hefur verið að nýjum farvegi fyrir efnin. Búið er að finna farveg sem að öllum líkindum mun ganga upp.

Fráviki frá: Ákvæði 2.8 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að ávallt skuli leitast við að halda spilliefnum á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki. Spilliefni skulu send til förgunar eða endurvinnslu við fyrst hentuga tækifæri.

Frávik 3:

Samráðsfundur sem rekstraraðili skal boða til á fjögurra ára fresti hefur ekki farið fram á undanförunum fjórum árum.

Fráviki frá: Ákvæði 3.3 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Á samráðsfundi verði m.a. rætt um rekstur móttökustöðvarinnar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp.

Frávik 4:

Ekki er til skrifleg neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar.

Fráviki frá: Ákvæði 3.6 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði Efnamóttökunnar til að fara eftir, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri móttökustöðvar.

Athugasemd 1:

Við eftirlit var ekki hægt að skoða staðfestingu á tæmingu og hreinsun á söfnunarþró. Staðfesting barst Heilbrigðiseftirlitinu daginn eftir að eftirlitið átti sér stað.

Önnur atriði:

Vakin var athygli á eftirlitsmælingum í frárennslisvatni sem gera skal árlega skv. ákvæði 3.2 í starfsleyfi. Fulltrúi fyrirtækis greindi frá því að það stæði til að gera mælingarnar í næsta mánuði. Einnig var vakin athygli á ársyfirliti sem senda skal Umhverfisstofnun og eftirlitsaðilar fyrir 1. mars 2012 skv. ákvæði 3.1 og 2.11 í starfsleyfi.

Reykjavík, 21/11/2011

Ólöf Vilbergsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

